

## 5. fundur foreldraráðs Heilsuleikskóla Kærabæjar

**Haldinn á Kærabæ 05.12.2011 kl. 20:30.**

Mætt voru: Karítas Kristjánsson formaður, Þórunn Júlíusdóttir leikskólastjóri, Anton Kári Halldórsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem ritaði fundargerð.

Karítas setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Stjórn skiptir með sér verkum: Samþykkt var að formaður yrði Karítas Kristjánsdóttir, Fanney Ólöf Lárusdóttir ritari og Anton Kári Halldórsson meðstjórnandi.
2. Starfs- og verkefnaáætlun í Heilsuleikskólanum Kærabæ 2012: Þórunn Júlíusdóttir kynnti starfs- og verkefnaáætlun í Heilsuleikskólanum Kærabæ 2012. Stefnt er að því að Námskrá Heilsuleikskólans Kærabæjar verði tilbúin í febrúar 2012.
3. Önnur mál: Rætt um ýmislegt tengt leikskólamálum.
  - a. Rætt um endingartíma Grænánans og kom fram tillaga um hvort ekki væri hægt að vera með skjöld í stað fána.
  - b. Rætt um leikskólakennaraskipti milli leikskóla.
  - c. Skaftárhreppur hefur ákveðið að stofna hóp um skólastefnu Skaftárhrepps. Finna þarf fulltrúa foreldra Heilsuleikskólans Kærabæjar í skólastefnuhópinn. Ákveðið að auglýsa á töflu eftir fulltrúa foreldra leikskólabarna í hópinn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21:40.

Fanney Ólöf Lárusdóttir ritari.